



**Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands**

**SAMÚÐARKVEÐJUR TIL SPÁNARKONUNGS**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent samúðarkveðjur frá sér og íslensku þjóðinni til Jóhanns Karls Spánarkonungs og spænsku þjóðarinnar vegna þeirra hræðilegu hryðjuverka sem framin voru í Madrid. Forsetinn biður þess í kveðju sinni að að bænir og stuðningur fólks um víða veröld veiti fjölskyldum þeirra fjölmörgu sem látið hafa lífið eða eru særðir í þessum grimmdarverkum styrk til að takast á við djúpa sorg. Hann segir jafnframt brýna nauðsyn að þjóðir heims taki höndum saman í baráttunni við ógn hryðjuverka.

11. mars 2004